

REGLUR

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 93/1996 um náttúruvernd verður Náttúruverndarþing haldið dagana 31. janúar og 1. febrúar 1997 að Hótel Loftleiðum, Reykjavík. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

A. Með fullum réttindum:

1. Náttúruverndarráð.
2. Fulltrúi frá hverju setri Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Fulltrúi frá hverri náttúrustofu.
4. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
5. Einn fulltrúi fyrir hvern eftirfarandi hagsmunaaðila, félagasamtaka og stofnana:
(sjá viðauka 1).

B. Með málfrelsi og tillögurétt:

1. Einn fulltrúi fyrir hvert ráðuneyti.
2. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
3. Forstjóri Náttúruverndar ríkisins, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, þjóðgarðs-verðir.

3. gr.

Náttúruverndarráð undirbýr Náttúruverndarþing og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið sér forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er aunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfissráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað níu mönnum. Umhverfissráðherra skipar sex þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fimm að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs og skipulagsstjóra ríkisins og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrjá þeirra kýs Náttúruverndarþing. Varamenn eru skipaðir og kosnir með sama hætti.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 93/1996 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. desember 1996.

Náttúruverndarráð,

Arnþór Garðarsson.

Kristján Geirsson.

VIÐAUKI I

Hagsmunaaðilar, félagasamtök og stofnanir með sæti á Náttúruverndarþingi 1997

Alþýðusamband Íslands	Landvernd
Arkitektafélag Íslands	Líffræðifélag Íslands
Bandalag íslenskra farfugla	Líffræðistofnun Háskólans
Bandalag íslenskra skáta	Náttúruvernd ríkisins
Bændasamtök Íslands	Náttúruverndarfélag Suðvesturlands
CAFF skrifstofan á Íslandi	Náttúruverndarsamtök Austurlands
Ferðafélag Íslands	Náttúruverndarsamtök Suðurlands
Ferðafélagið Útivist	Náttúruverndarsamtök Vesturlands
Ferðaklúbburinn 4x4	Orkustofnun
Ferðamálaráð	Náttúrufræðistofa Kópavogs
Ferðaðjónusta bænda	Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn
Félag áhugafólks um hálendi Austurlands	Rafmagnsveitur ríkisins
Félag eigenda sumardvalarsvæða	Rannsóknarráð Íslands
Félag íslenskra landslagsarkitekta	Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Félag íslenskra náttúrufræðinga	Raunvísindastofnun Háskólans
Félag landfræðinga	Samband dýraverndarféлага Íslands
Félag leiðsögumanna	Samband íslenskra sveitarfélaga
Fjallið (hagsmunafélag jarð- og landfræðinema)	Samlíf (Samtök líffræðikennara)
Flugmálastjórn	Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi
Framtíðarstofnun	Samtök um umhverfismál og náttúruvernd
Fuglaverndarfélag Íslands	Siðfræðistofnun Háskólans
Geislavarnir ríkisins	Siglingastofnun Íslands
Hellarannsóknarfélag Íslands	Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd
Hafrannsóknarstofnunin	Skipulag ríkisins
Haxi (hagsmunafélag líffræðinema)	Skotveiðifélag Íslands
Háskóli Íslands	Skógrækt ríkisins
Hið íslenska náttúrufræðifélag	Skógræktarfélag Íslands
Hollustuvernd ríkisins	Surtseyjarfélagið
Jarðfræðafélag Íslands	Ungmennafélag Íslands
Jöklarannsóknafélag Íslands	Vegagerðin
Kennaraháskóli Íslands	Veiðimálastofnun
Kvenfélagasamband Íslands	Veiðistjóraembættið
Landgræðsla ríkisins	Veðurstofan
Landlæknisembættið	Verkfræðingafélag Íslands
Landmælingar Íslands	Verkfræðistofnun Háskólans
Landssamband hestamannafélaga	Vestfirsk náttúruverndarsamtök
Landssamband íslenskra vélsleðamanna	Vinnueftirlit ríkisins
Landssamband stangveiðifélaga	Vinnuveitendasamband Íslands
Landssamband veiðifélaga	Vísindafélag Íslendinga
Landssamtökin Líf og land	Yfirdýralæknisembættið
Landsvirkjun	Þjóðminjasafn
Landvarðafélag Íslands	Æðarræktarfélag Íslands
	Æskulýðssamband Íslands